Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2010****2010/EES/37/09****frá 30. apríl 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB frá 5. ágúst 2009 um kröfur varðandi skráningu á framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zs (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12zt. **32009 D 0603**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB frá 5. ágúst 2009 um kröfur varðandi skráningu á framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB (Stjtið. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/603/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 13.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2010****2010/EES/37/10****frá 30. apríl 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/78/EB frá 29. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32006 L 0078**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/78/EB frá 29. september 2006 (Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/78/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2010****2010/EES/37/11****frá 30. apríl 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/129/EB frá 9. október 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/130/EB frá 12. október 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/134/EB frá 28. október 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32009 L 0129**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/129/EB frá 9. október 2009 (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 18),
- **32009 L 0130**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/130/EB frá 12. október 2009 (Stjtið. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 5),
- **32009 L 0134**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/134/EB frá 28. október 2009 (Stjtið. ESB L 282, 29.10.2009, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/129/EB, 2009/130/EB og 2009/134/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2009, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 282, 29.10.2009, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2010****2010/EES/37/12****frá 30. apríl 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/524/EB frá 29. júní 2009 um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 6. lið (ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 7. desember 1998, um frjálsa vöruflutninga) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XX. kafla II. viðauka við samninginn:

„7. **32009 H 0524**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/524/EB frá 29. júní 2009 um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins (Stjtið. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2009/524/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2010

2010/EES/37/13

frá 30. apríl 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 16b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB) í XII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009 (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Orðin „í skilningi 1. gr. og 2. og 3. mgr. 2. gr. viðaukans við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum“ í stafl. c) í 4. mgr. 1. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 37.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(4*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Scatter

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2010

2010/EES/37/14

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) og XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2006 frá 8. desember 2006 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ⁽³⁾.
- 4) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 ⁽⁴⁾ rann út 25. apríl 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 10. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74) í XIII. viðauka við samninginn:

„10a. **32009 R 0906**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31). ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni; um beitingu ákvæðanna sjá XIV. viðauka, Samkeppni.“

2. gr.

Ákvæði XIV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 11c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000) hljóði svo:

„**32009 R 0906**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað orðanna „höfnum innan Bandalagsins“ komi orðin „höfnum á landsvæðinu sem EES-samningurinn tekur til“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 29.3.2007, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 906/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hún kemur til framkvæmda frá 26. apríl 2010 að telja.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2010****2010/EES/37/15****frá 30. apríl 2010****um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 frá 24. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga ⁽²⁾.
- 3) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003 ⁽³⁾ rann út 31. mars 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 15b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003) í XIV. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 R 0267**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 267/2010 frá 24. mars 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 267/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hún kemur til framkvæmda frá 1. apríl 2010 að telja.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 29.3.2007, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2010****2010/EES/37/16****frá 30. apríl 2010****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/104/EB frá 16. september 2009 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota tæki á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/104/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 89/655/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

10. liður (tilskipun ráðsins 89/655/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0104**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/104/EB frá 16. september 2009 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota tæki á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/104/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 393, 30.12.1989, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2010

2010/EES/37/17

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurúttefín) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/38/EB fellur úr gildi, hinn 6. júní 2011, tilskipun ráðsins 94/45/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 6. júní 2011.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi 27. liður (tilskipun ráðsins 94/45/EB) verði endurtölusettur sem liður 27a.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 26. lið (tilskipun ráðsins 92/56/EBE, brottfallin):

„27. **32009 L 0038**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (endurúttefín) (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28).“

3. Texti hins nýja liðar 27a (tilskipun ráðsins 94/45/EB) falli brott 6. júní 2011.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/38/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2010

2010/EES/37/18

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„1j. **32007 L 0002**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í stafl. a) og b) í 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. þannig að talið sé frá gildistökudegi þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hafa að geyma ákvæði um að fella inn í EES-samninginn framkvæmdarreglurnar sem um getur í þessum greinum.
- b) Að því er EFTA-ríkin varðar skal lesa ákvæði um tímamörk í 2. og 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr., en samkvæmt þeim skal talið frá gildistökudegi tilskipunarinnar, þannig að talið sé frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2010 frá 30. apríl 2010 sem hefur að geyma ákvæði um að fella þessa tilskipun inn í EES-samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/2/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 20, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2010

2010/EES/37/19

frá 30. apríl 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/101/EB fellur úr gildi fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/102/EB fellur úr gildi tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE, um félagarétt ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0101**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„– Ísland:

hlutafélag, einkahlutafélag, samlagsfélag,

– Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung, die Kommanditaktiengesellschaft,

– Noregur:

aksjeselskap, allmennaksjeselskap.““

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 40.

2. Texti 9. liðar (tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE) hljóði svo:

„**32009 L 0102**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/102/EB frá 16. september 2009 á sviði félagaréttar um einkahlutafélög eins aðila (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:

„– Ísland:

einkahlutafélag,

– Liechtenstein:

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,

– Noregur:

aksjeselskap.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/101/EB og 2009/102/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2010****2010/EES/37/20****frá 30. apríl 2010****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2009/C 155/01 frá 18. júní 2009 um að koma á fót evrópskum viðmiðunarramma til að tryggja gæði starfsmenntunar ⁽²⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2009/C 155/02 frá 18. júní 2009 um að koma á fót Evrópska einingakerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET) ⁽³⁾,

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 8. mgr. 4. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32009 H 0708(01)**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2009/C 155/01 frá 18. júní 2009 um að koma á fót evrópskum viðmiðunarramma til að tryggja gæði starfsmenntunar (Stjtið. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 1),

– **32009 H 0708(02)**: Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2009/C 155/02 frá 18. júní 2009 um að koma á fót Evrópska einingakerfinu fyrir starfsmenntun (ECVET) (Stjtið. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 11).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 155, 8.7.2009, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2010****2010/EES/37/21****frá 30. apríl 2010****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2007 frá 29. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1692/2006 frá 24. október 2006 um að koma á annarri Marco Polo-áætlun um veitingu fjárhagsaðstoðar Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo II-áætlunin) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1382/2003 ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 65, 3.3.2007, bls. 12, var felld inn í bókun 31 við samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2007 frá 29. júní 2007 ⁽³⁾.
- 3) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 923/2009 frá 16. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1692/2006 um að koma á annarri Marco Polo-áætlun um veitingu fjárhagsaðstoðar Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo II-áætlunin) ⁽⁴⁾.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2010 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1692/2006) 3. mgr. 12. gr. bókunar 31 við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0923**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 923/2009 frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2010 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 54, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 54, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.